



Mýrdalshreppur

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2005-2025.
Umhverfisskýrsla með tillögu að nýjum vegi með jarðgöngum í gegnum Geitafjall og Reynisfjall.

Önnur gögn:

Uppdráttur af Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025, dags. 25. nóvember 2007 og greinargerð í lokavinnslu.

TBB
Teiknistofa Benedikts Björnssonar

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	3
1.1. Vegur og göng.....	3
1.2. Samráð og kynning	3
1.3. Umfang og áherslur umhverfismats.....	3
2.0. UMHVERFISMAT	4
2.1. Umfjöllun um kosti	5
2.2. Tengsl við aðrar áætlanir.....	7
2.3. Mótvægisaðgerðir og vöktun	7
2.4. Samantekt og niðurstaða	7

1. Inngangur

1.1 Nýr vegur og göng

Undanfarin sex ár hefur verið unnið, með hléum, að aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið í samræmi við 16. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Í upphafi þessarar vinnu var ekki gert ráð fyrir framkvæmdum í Mýrdalshreppi sem teljast háðar mati á umhverfisáhrifum utan svæðis til námureksturs á Mýrdalssandi, sem þegar hefur farið í umhverfismat.

Við endurupptöku aðalskipulagsins, eftir að það var auglýst hinn 24. september 2004, hefur verið ákveðið að bæta inn í áætlunina nýrri og breyttri legu stofnvegjar, þ.e. Hringvegjar, þar sem einnig er gert ráð fyrir allt að tveimur jarðgöngum, í gegnum Reynisfjall og Geitafjall.

Í greinargerð Aðalskipulags Mýrdalshrepps, er fjallað um ýmsa þætti sem þegar hefur verið gerð forathugun á vegna nýrra vega og jarðganga. Þessir þættir eru eftirfarandi:

1. Lengd veglína
2. Jarðfræði vegsvæða og jarðganga
3. Staðhættir á veg- og jarðgangasvæði
4. Veðurfar á veg- og jarðgangasvæði
5. Umhverfismál á veg- og jarðgangasvæði

Aðalskipulagstillagan er matsskyld samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og er greint frá umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í skýrslu þessari.

Umhverfismatið er unnið af Teiknistofu Benedikt Björnssonar.

1.2 Samráð og kynning

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2005-2025, með sérstakri áherslu á nýja legu vegar og jarðgöng, var kynnt umsagnar- og hagsmunaaðilum og voru skipulagsgögn send þeim til umsagnar ásamt umhverfisskýrslu þessari.

Helstu samráðsaðilar:

- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Landbúnaðarráðuneyti
- Fornleifavernd ríkisins
- Siglingastofnun
- Veðurstofu Íslands
- Ríkislögreglustjórinn Almannavarnadeild
- Samvinnunefnd um Miðhálandi Íslands

Þegar aðalskipulagið verður auglýst gefst 6 vikna frestur til athugasemda.

1.3 Umfang og áherslur umhverfismats

Um leið og það lá fyrir að vegur og jarðgöng yrðu hluti af aðalskipulagi sveitarfélagsins var lagt mat á hvaða þætti væri nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu ítarlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum þessarar áætlunar. Meðan á þessari vinnslu stóð var haft samráð við Skipulagsstofnun. Þar var reynt að afla upplýsinga um aðferðafræðina varðandi framsetningu og grunnhugsun sem tengist þessari vinnu. Ekki var farið í sérstakar rannsóknir vegna téðar vinnu við umhverfismat heldur stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja, þ.e. frá stofnunum, sveitarfélaginu og einstaklingum.

Þeir áhrifaþættir sem eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum eru mannvirki, en um er að ræða tvenn jarðgöng í gegnum Geitafjall og Reynisfjall, sem hefur umtalsvert jarðrask í för með sér, og uppbyggður vegur, með efnistöku og breytingu á landnotkun á því svæði sem hann verður lagður.

Við greiningu á þeim þáttum sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum var tekið mið af fyrirbyggjandi leiðbeiningum um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Í umhverfisskýrslunni verður fjallað um eftirfarandi þætti:

- Landslag og sjónræn áhrif.
- Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir.
- Áhrif á dýralíf og gróður.
- Áhrif á fuglalíf.
- Áhrif á friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá.
- Áhrif á vatnsverndarsvæði.
- Áhrif á fornleifar og sögustaði.
- Áhrif á útivist og ferðamennsku.
- Áhrif á landnotkun, samfélag og öryggismál.

Auk umfjöllunar um þessa umhverfisþætti verður fjallað um samræmi þessa þátta m.t.t. framtíðarsýnar og meginmarkmiða aðalskipulagsins. Einnig er fjallað um tengsl þessarar áætlunar við aðra áætlunargerð.

2.0 Umhverfismat

Í töflu nr. 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar á umhverfismati tillögunar um veg og jarðgöng í aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Þess ber að geta að listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagið hefur í för með sér.

Stefna	Umhverfisviðmið
Lög	Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, m.s.br. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, m.s.br. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. Þjóðminjalög nr. 107/2001. Lög um landgræðslu nr. 17/1965, m.s.br.
Reglugerðir	Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
Skipulagsáætlun	Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2005-2025.
Önnur stefnuskjöl	Náttúruminjaskrá

stjórnvalda	Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Staðardagskrá 21, fyrsti áfangi. Jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar, janúar 2000.
-------------	---

Tafla 1. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu.

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér á eftir. Hafa ber á huga nákvæmni áætlunarinnar þegar vægi áhrifa er metið.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
Áhrif óljós	?	Óljós áhrif á umhverfisþátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat vegna vegar og jarðganga.

2.1 Umfjöllun um kosti

Eftirtaldir kostir hafa verið ræddir á fundum skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar og skoðaðir af starfsmönnum Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar og Siglingastofnunar.

- Tillaga 0** Núverandi veglína, gert ráð fyrir nýjum veg um Gatnabrun með minni halla en nú er. Eining gert ráð fyrir að styrkja veginn um Mýrdalinn, e.t.v. með smávægilegum breytingum á legu. Bratti yrði minnkaður norðan Geitafjalls (Skarphóll).
- Tillaga 1** Veglína fer af Hringvegi nokkru vestan við Dyrhólaveg og fer með honum. Veglína er sunnan við Geitafjall, síðan meðfram Dyrhólaósi, syðst í Ósengi og áfram út í Dyrhólaós til austurs og allt út að gangnamunna sem nokkru sunnan Djúpaleyti í Reynishverfi. Austan Reynisfjalls liggur veglínan með sjóvarnargarði.
- Tillaga 2** Veglína fer sunnarlega í gegnum Geitafjall en fylgir síðan veglínu 1.
- Tillaga 3** Veglína fer sömu leið og veglína 1 með Dyrhólavegi, en greinist frá þessari leið til suðausturs og fer meðfram Dyrhólaósi sunnanverðum og loks í sama gangnamunna og leiðir 1 og 2.
- Tillaga 4** Veglína fer af Hringvegi við vestari heimreiðina að Brekkum, fyrst nokkurn veginn til austurs og þá til suðausturs í átt að vestari hluta Dyrhólaóss. Hann sameinast veglínu 2 á Ósengi vestanverðu. Fylgir þeirri línu eftir það.
- Tillaga 5** Veglína fer af Hringvegi við Ketilsstaði og í gegnum Geitafjall. Þaðan fer hún í boga í suðaustur yfir garða og tún í norðurjaðri náttúruminjasvæðisins. Línan tengist í gangnamunna á sama stað og tillögulínur 1, 2, 3, 4.
- Tillaga 6** Veglínan fer af Hringvegi við Ketilsstaðaskóla og í gegnum Geitafjall og þessi veglína fer nyrst allra tillögulína. Þessi leið á mörkum Reynishverfis- og Fosshólts, upp syðsta hluta Fosshólts og í gangnamunna nokkuð norðan Lækjabakka og Reynis. Að austan yrði gangnamunni við Borgarhól og komið inn á núverandi veg við Mýrarbraut.
- Tillaga 7, I og II** (Tillaga Vegagerðar). Veglína hefst við vegamót Hringvegar og Dyrhólavegar, gegnum Geitafjall, um Kýrkeldu, Brandslæk, Ósengi og Hvammsá yfir í Reynishverfi, á milli bæjanna Þórisshólts og Lækjabakka. Veglínan er ofan náttúruverndarsvæðisins. Næst því er farið yfir Ósengi. Veglínurnar skiptast í tvennt norðaustur af bænum Þórisshólts, sú nyrðri fer í gegnum fjallið beint austur af bænum. Þessi veglína kemur inn á Hringveg

við norðanverða innkeyrsluna í Vík og fylgir honum eftir það. Syðri veglínan kemur að fjallinu austur af Reyniskirkju og myndi eystri gangnamunni opnast suðvestur af Vík. Tenging við Hringveg yrði við söluskálann.

Umhverfisþættir	Núv. veglína	Till. 1	Till. 2	Till. 3	Till. 4	Till. 5	Till. 6	Till. 7 Vegag
Landslag og sjónræn áhrif	0	-	-	-	-	-	-	-
Jarðfræði og jarðmyndanir	0	-	-	-	-	-	-	-
Gróður	0	0	-	-	-	0	0	0
Fuglalíf	0	-	-	-	-	0	0	0
Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá	0	-	-	-	-	0	0	0
Vatnsverndarsvæði	0	0	0	0	0	0	0	0
Fornleifar	0	?	?	?	?	?	?	?
Útivist og ferðamennska	0	-	-	-	-	?	0	0
Landnotkun	0	0	0	-	0	-	-	-
Samfélag og öryggismál	-	+	+	?	+	+	+	+

Tafla 2. Samburður á umhverfisáhrifum valkosta.

Á opnum kynningarfundi í Leikskálum þann 14. nóvember 2005 voru kynntar hugmyndir sem eru að miklu leyti samhljóða tillögum 1,2,3,og 4. Óskað var eftir umsögnum og fleiri tillögum og úr því urðu tillögur 5,6 og 7. Umsagnir og athugasemdir sem borist hafa sveitarstjórn við framangreindar tillögur varða almennt annars vegar verndun náttúru og hins vegar umferðaröryggi. Með skoðun þessara valkosta er reynt að finna leið sem samræmir þessa þætti eins og kostur er.

Tillögur 1,2,3,4 fara allar um náttúruminjasvæði og tillaga 3 þar að auki um friðlandið við Dyrhólaey. Tillaga 5 þverar tún og garða í Reynishverfi. Tillögur 1,2,3,4,5 og 7_{II} liggja um Víkurfjörú og krefjast því umfangsmeiri og dýrari sjóvarnargarðs en ella. Tillögur 7_I og 7_{II} liggja um miðja byggðina í Reynishverfi og um Reynisdal. Línur 6 og 7_I þvera byggðina í Víkurþorpi eins og núverandi vegur. Tillaga 0 leysir ekki umferðaröryggisþætti nema að litlu leyti þó farið yrði í umfangsmiklar endurbætur á núverandi vegi.

Allar munu þessar tillögur um vegabætur hafa í för með sér nokkur áhrif á landslag, að svo miklu leyti sem umfang þeirra er. Þá munu sjónræn áhrif einnig verða mismikil eftir því hvaða lausn verður fyrir valinu. Veglínur sunnan byggðar í Vík og syðst í Reynishverfi hafa neikvæð sjónræn áhrif. Þær tillögur sem gera ráð fyrir jarðgöngum hafa í för með sér allmikil áhrif á jarðfræði og jarðmyndun á skipulagssvæðinu. Útfærsla þessarar framkvæmdar hefur einnig mikil áhrif sem dregið getur úr þeim áhrifum sem áður eru nefnd. Tillögur 1,2,3 og 4 fara um leirur Dyrhólaóss en skv. lögum um náttúruvernd skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þessar tillögur raska væntanlega mest villtum gróðri og fuglalífi. Líklegt má þó teljast að fuglalíf aðlagi sig breyttum aðstæðum. Veglínur sem liggja sunnan Víkur eru líklegar til að valda hávaðamengun og truflun á fuglalífi. Allar tillögurnar sem fela í sér breytta legu kalla á rannsóknir á hugsanlegum fornleifum á viðkomandi stöðum. Þetta á sérstaklega við um svæðið næst Reynisfjalli, beggja megin. Tillaga nr. 3 þarfnast rannsókna nánast alla leiðina sem hún liggur. Tillögur 1, 2, 3, og 4 koma verst út hvað þetta varðar, þar sem þær fara nánast inn á útivistar- og ferðamannasvæði sem er mjög mikilvægt og er ennþá í mótun. Allar tillögurnar, utan þeirrar núverandi, gera ráð fyrir styttingu leiðarinnar frá upphafs- til endapunktur, þær eru þó mislangar. Allar eru þær að líkindum öruggari heldur en sú sem fyrir er. Allar hinar nýju línur munu geta styrkt samfélagið að því leyti að greiðfærara verður til Víkur og síðan þar áfram til austurs. Þetta mun einnig virka mjög jákvætt fyrir samgöngur til vesturs.

Í öllum tillögum nema þeirri tillögu nr. 3 er gert ráð fyrir nýjum tengivegi austan Geitafjalls milli núverandi vegar að þeim nýrri.

- Tillaga 0:** **Núverandi lega vegar:** Almennt álit íbúa í sveitarfélaginu virðist vera að þessi kostur sé ekki góður. Jafnvel þó vegur um Gatnabrún og Skarphól verði lagfærður stendur eftir að vegurinn frá Vík, með Grafargili og norður fyrir Reynisfjall er oft og einatt farartálmi vegna snjóá, ísingar og vindsveipa. Þetta hefur verið staðfest af vinnuhópum á vegum sveitarfélagsins, á íbúafundum og í umræðu á öðrum vettvangi. Síðla árs 2005 barst sveitarstjórn undirskriftalisti þar sem um 40% kosningabærra íbúa í Mýrdalshreppi þar sem lýst er stuðningi við nýjan veg um jarðgöng gegnum Reynisfjall sem kæmu út sunnan byggðar í Vík.
- Tillaga 1:** Veglínan liggur í og við bakka Dyrhólaóss og í göng sem að austan opnast í námunda við Blánef og liggur því um svæði á náttúrminjaskrá. Veglínan liggur síðan með sjóvarnargarði í Víkurfjöru. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vernda beri Dyrhólaey, Dyrhólaós, fjöru við Dyrhólaey og votlendi norðan við Dyrhólaós og telur að veglagning yfir ósinn muni rýra verndargildi svæðisins og hafa í för með sér neikvæð sjónræn áhrif og áhreif á landslag. Stofnunin telur að ef nýr vegur verði lagður eigi að leggja hann þannig að hann liggja utan við það svæði sem er á náttúruminjaskrá auk þess sem forðast verði að raska votlendi. Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Suðurlands hafa lýst svipuðum skoðunum sem og íbúar í Reynis- og Dyrhólahverfum. Vegagerðin hefur lýst því yfir að rétt sé að sneiða hjá svæðum sem eru á náttúruminjaskrá.
- Tillaga 2:** Þessi lína fer einnig um náttúruminjasvæðið og sömu sjónarmið gilda og lýst hefur verið undir tillögu 1.
- Tillaga 3:** Þessi lína fer inn á náttúruminjasvæðið og einnig inn á friðlandið. Sömu sjónarmið og lýst er í tillögu 1.
- Tillaga 4:** Þessi lína fer í sama farveg línur 1 og 2, inn á náttúruverndarsvæðið.
- Tillaga 5:** Með þessari línu er tekið tillit til þeirra sjónarmiða að nýr vegur liggja utan náttúruminjasvæðis. Þess í stað fer línan yfir tún og garða í Reynishverfi og er nokkuð nálægt náttúruminjasvæðinu. Austan Reynisfjalls liggur veglínan með sjóvarnargarði í Víkurfjöru. Þrjár af fimm fulltrúum skipulagsnefndar og þrjár af fimm fulltrúum sveitarstjórnar eru hlyntir þessari línu, þó með því skilyrði að fylgt verði tillögu Vegagerðarinnar vestan Brandslækjar
- Tillaga 6:** Þessi lína er nyrst og er þar af leiðandi sú sem síst spillir náttúruminjasvæðinu. Með þessari línu er reynt að sneiða framhjá gördum og túnum og farið um mörk jarða þar sem kostur er. Veglínan fer ekki um Víkurfjöru og því getur sjóvarnargarður verið umfangsminni og legið þar sem Siglingastofnun hefur áformað. Þeir annmarkar eru helstir á þessari leið að farið er um syðsta hluta Fossholts og gangnamunni að vestan er á þekktu snjóflóðasvæði. Einnig klýfur umferðin Víkurþorp áfram í tvennt. Tveir af fimm fulltrúum skipulagsnefndar og tveir af fimm fulltrúum sveitarstjórnar styðja frekar þessa línu.
- Tillaga 7:** Með minnisblaði dags. 8. maí 2007 gerir Vegagerðin grein fyrir tillögum sínum að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Fram kemur að fulltrúar Umhverfisstofnunar vilja hlífa Dyrhólaóssnum sem mest og áskilja sér rétt til að segja til um málið á síðari stigum. Fulltrúi Siglingastofnunar telur að hægt væri að verja veginn sunnan Víkur á viðunandi hátt, en sjóvarnargarður yrði að vera mun öflugri ef vegurinn yrði lagður á þessum stað heldur en fyrirhugaður garður yrði að vera (sjá kafla 2.2 og 2.8). Einnig hefur komið fram að sjóvarnargarður sem verja skal veg fyrir sjávarlöðri og sandfoki þarf að vera mun umfangsmeiri en garður sem fyrst og fremst er ætlað að verja strandlengjuna fyrir frekara landbroti. Þessar veglínur liggja þvert um byggðina í Reynishverfi og um Reynisdal og því taldar óásættanlegar af skipulagsnefnd.

Skipulagsnefnd hafnar tillögum Vegagerðarinnar það sem þær þvera byggðina í Reynishverfi og fara um Reynisdal. Nefndin telur einnig að núverandi veglína uppfylli ekki kröfur um umferðaröryggi. Nefndin telur að tillögur 5 og 6 taki best tillit til náttúruverndar og umferðaröryggis og ákvað að velja á milli þeirra. Tillaga 5 fékk 3 atkvæði af 5. Sama niðurstaða varð hjá sveitarstjórn. Tillaga 5 er því sett í aðalskipulagstillögu til kynningar.

2.2 Mótvægisáðgerðir og vöktun

Mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til vegna þessara framkvæmda sem felast í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025 eru þær að ganga sem hreinlegast til þessa verks og græða upp þar sem jarðraks verður og fyrir var gróið land. Miðað við að tillaga 5 verði fyrir valinu eru ekki lagðar til aðrar mótvægisáðgerðir en þær að vel verði að undirbúningi og framkvæmd staðið. Gert er ráð fyrir að þannig vöktun að fylgst verði með áhrifum veglínunnar á ýmsa þætti náttúruvafars og brugðist við með þeim hætti sem sérfræðingar og heimamenn leggja til.

2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulag friðlandsins í Dyrhólaey hefur verið samþykkt og samræmist það illa tillögum 1, 2, 3 og 4. Aðrar veglínur koma betur út í þessu sambandi. Ýmsir þættir í markmiðum sveitarstjórnar Mýrdalshrepps styrkjast með þessari áætlun um nýja veglínu með göngum, s.s. atvinnumál með áherslu á ferðaþjónustu, vikurvinnslu í Mýrdalssandi, öryggismál og fleira mætti nefna.

2.4 Samantekt og niðurstaða

Fyrirhuguð framkvæmd, sem er hluti af Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025, samræmist stefnu sveitarfélagsins í samgöngumálum. Bornir hafa verið saman 8 valkostir, núverandi veglína, tillaga Vegagerðarinnar og 6 kostir sem komnir eru frá sveitarstjórninni eða annars staðar frá. Af þeim er tillaga nr. 5 talin henta best þegar heildin er skoðuð og allir kostir vegnir saman. Þessi áætlun hefur að nokkru neikvæð áhrif á umhverfið, eins og allar hinar. Jarðrask fylgir þessari framkvæmd í ríkari mæli heldur en núll-lausnin sem kalla mætti núverandi veglínu í Mýrdalshreppi. Þær mótvægisáðgerðir sem gripið verður til eftir að framkvæmdum lýkur eru þannig að dregið verði sem mest úr hinum neikvæðu áhrifum.